

5.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn þriðjudaginn 6.júní 2023 kl. 1400 á skrifstofu Árneshrepps í Norðurfirði.

Mætt eru til fundar Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík og Delphine Briois Kjörvogi á fjarfundi. Oddviti ritar fundargerð.

1. Ársreikningar fyrir árið 2022, síðari umræða. Ganga frá undirskriftum vegna fyrri og seinni umræðu.
2. Fara yfir fundagerð frá 19. maí 2023 og uppfæra upplýsingar.
  - a. Framkvæmdir við Norðurfjarðarhöfn
  - b. Vegagerðin: fundur með Vegagerðinni núna í júní, ofaíburður með efni keyptu á síðasta og þarsíðasta ári.
  - c. Framkvæmdir við bílskúrin v. skólann, vegna drenunar í kringum húsið, kostnaður sem ekki var inni í tilboðinu.
  - d. Varmadæluvæðing í skóla og félagsheimili.
  - e. Staðan á málum varðandi þrífösun og ljósleiðaralögn.
3. Úrgangsmál flokkunargámar.
4. Siðareglur kjörinna fulltrúa í Árneshreppi: lagt fram til kynningar, umræðu og undirskriftar.
5. Umsagnarbeiðni vegna breytinga á rekstrarleyfi fyrir gistiheimilið Bergistanga, Eldstoðir ehf. mun taka út stöðuna á félagsheimilinu og breytingar í Bergistanga
6. Tölvupóst frá Umhverfisstofnun vegna friðlýstra svæða, lagt fram til kynningar.
7. Skipun tveggja fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða, Aðalsteinn.....
8. Kolbeinsvík: kauptilboð hefur borist í jörðina, lagt fram til kynningar.
9. Fjarfundir, framlenging á leyfi til fjarfunda, seinni umræða.

1.Ársreikningar fyrir árið 2022, síðari umræða. Ganga frá undirskriftum vegna fyrri og seinni umræðu. Engar breytingar urðu á milli umræðna og gengið var frá undirskriftum oddvita og hreppsnefndar.

1. Fara yfir fundagerð frá 19. maí 2023 og uppfæra upplýsingar.
  - a. Framkvæmdir við Norðurfjarðarhöfn, tilboð er komið í handrið fyrir göngubrautina og vinnan hefst innan skamms.
  - b. Vegagerðin: fundur með Vegagerðinni núna í júní, ofaíburður með efni keyptu á síðasta og þarsíðasta ári. Fá upplýsingar um magn efnis sem við eigum hjá Vegagerðinni, hversu mikið það er og hvað við fáum háa upphæð úr styrkvegasjóði til ofaníburðar. Hverjar eru reglurnar með lengd heimreiða?
  - c. Framkvæmdir við bílskúrin v. skólann, vegna drenunar í kringum húsið, sem er kostnaður sem ekki var inni í tilboðinu. Oddviti mun tala við Halldóru

- Kpmg varðandi viðauka við fjárhagsáætlun.
- d. Varmadæluvæðing í skóla og félagsheimili. Málið er í vinnslu

293.

- a. Staðan á málum varðandi þrífösun og ljósleiðaralögn. Verklok ehf eru væntanleg í sveitina og Orkubúið er væntanlegt og beðið er eftir sammingsdrögum fyrir sveitarfélagið.
1. Úrgangsmál flokkunargámar. Nokkur umræða varð um frágang og flokkun á sorpi.
  2. Síðareglur kjörinna fulltrúa í Árneshreppi: lagt fram til kynningar, umræðu og undirskriftar. Reglurnar voru samþykktar og verða undirritaðar í lok fundar.
  3. Umsagnarbeiðni vegna breytinga á rekstrarleyfi fyrir gistiheimilið Bergistanga, Eldstoðir ehf. mun taka út stöðuna á félagsheimilinu og breytingar í Bergistanga. Hreppsnefnd hefur engar athugasemdir varðandi málin.
  4. Tölvupóst frá Umhverfisstofnun vegna friðlýstra svæða, lagt fram til kynningar.
  5. Skipun tveggja fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða, Aðalsteinn kom inn á fundinn og sagði hreppsnefnd frá hvernig vinnu yrði háttað, m.a. umhverfismál og innviðamál sem styrkja á til framtíðar. Arinbjörn og Eva munu taka fyrsta lotu sem fulltrúar Árneshrepps.
  6. Kolbeinsvík: kauptilboð hefur borist í jörðina, lagt fram til kynningar og umræðu. Eva Sigurbjörnsdóttir og Delphine Briois viku af fundi þar sem þær voru vanhæfar. Tveir varamenn Sólveig Rögnvaldsdóttir og Róbert H. Ingólfsson, 1. og 2. varamaður mættu í stað þeirra og varaoddviti tók við fundarstjórn. Hreppsnefnd ályktaði eftirfarandi; Ef vilji er til að selja jarðir í eigu Árneshrepps verði þær auglýstar til sölu.
  7. Fjarfundir, framlenging á leyfi til fjarfunda, seinni umræða. Oddviti rifjaði málið upp og hreppsnefnd ræddi málið og samþykkti einróma.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:15.